

**Árni Ísaksson:**

### **Ný reglugerð um búnað og frágang silungsneti í sjó**

Með hækkandi sól fara lax og silungur að gera vart við sig í ám hér á landi. Á leið sinni í og úr ánum ferðast laxfiskar með strönd landsins og þá eru einhver brögð að því að lögð séu silunganet fyrir framan þær landa eignir, sem til þess hafa rétt, en það eru eingöngu þau lögbýli, sem nýttu slíkan rétt á árunum fyrir gildistöku laxveiðilaganna 1957. Laxveiðar í sjó hafa hins vegar verið bannaðar frá 1932 og öll slík veiði fyrir löngu af lögð. Lax getur á hinn bóginn flækst í silunganet og því hafa silungsveiðar í sjó verið bannaðar á göngutíma laxa á nokkrum stöðum umhverfis landið. Slíkar reglur eru t.d. í gildi í 1, 5 mánuði yfir sumarið við Faxaflóa og Þistilfjörð. Reglurnar og tengd lög nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði má finna á vefsíðu Fiskistofu [www.fiskistofa.is](http://www.fiskistofa.is) undir slóð lax- og silungsveiða.

Nú í vor setti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið nýja reglugerð um búnað og frágang neta vegna veiða göngusilungs í sjó (nr. 402/2012). Þessi reglugerð, sem byggir á 32. grein laga nr.61/2006 um lax- og silungsveiði kemur í stað reglna, sem Fiskistofa gaf út á síðasta ári (nr. 331/2011). Nýja reglugerðin er efnislega mjög samhljóða fyrri reglum en reynt að hafa hana einfalda og auðskiljanlega. Helstu ákvæði reglugerðarinnar eru sem hér segir:

1. Ákvæði um lengd og dýpt nets.
2. Fyrirkomulag nets í sjó.
3. Möskvastærðir og girnispýkkt nets.
4. Bil á milli neta í sjó.
5. Ákvæði um merkingu neta með nafni eiganda.

Þessu til viðbótar vil ég minna á þau ákvæði, sem almennt gilda samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði, varðandi friðun gagnvart allri netaveiði í fersku vatni og sjó frá kl. 22:00 á föstudagskvöldi til kl. 10:00 á þriðjudagsmorgni. Einnig skal minnt á að allar ár, sem silungur gengur í, hafa 1,5 km. friðunarsvæði fyrir framan ós í sjó og þar er ekki heimilt að leggja net af neinu tagi. Gangi lax í viðkomandi á er friðunarsvæðið hins vegar 2,0 km.

Eftirlitsmenn Fiskistofu munu í sumar eins og undanfarin ár fylgjast grannt með því að öll net í sjó séu í samræmi við lög og reglugerðir. Ómerkt net, sem ekki eru í samræmi við ofan nefnda reglugerð eða landslög verða tekin upp, afhent lögreglu og kára gefin út. Sérstaklega er vakin athygli á því að merkja net rækilega með nafni veiðiréttarhafa, því sárt er fyrir landeiganda að láta fjarlægja ómerkt net, ef það er að öðru leyti löglegt.

Varðandi upplýsingar er að öðru leyti vísað á vefsíðu Fiskistofu, [www.fiskistofa.is](http://www.fiskistofa.is) .